

REGLUGERÐ

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn, nr. 375
29. september 1985.**

1. gr.

Liður 2.3 í 2. gr. orðist svo:

Hafnarnefnd kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 2. nóvember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um sérstakan söluskatt.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 10% — tíu af hundraði — sérstakan söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda eins og nánar er mælt fyrir um í reglugerð þessari.

2. gr.

Hver sá sem selur eða afhendir í atvinnuskyni eða tekur til eigin nota vöru eða verðmæti sem um ræðir í 3. gr. eða innir af hendi vinnu og þjónustu sem um ræðir í 4. gr. skal með þeim takmörkunum sem gerðar eru í reglugerð þessari innheimta sérstakan söluskatt samkvæmt 1. gr. af andvirði hins selda og standa skil á honum í ríkissjóð.

3. gr.

Greiða skal sérstakan söluskatt af sölu á allri matvöru annarri en þeirri sem um getur í 2. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ekki greiða sérstakan söluskatt af sölu á eftirtalinni matvöru:

- a) Nýmjólk, G-mjólk, léttmjólk, rjóma, sýrðum rjóma, kaffi- og þeytirjóma, skyri (hreinu sem blönduðu), sýrðri mjólk, jógúrt (hreinni sem blandaðri), mysu, undanrennu og smjöri.
- b) Hvers konar osti, þ.m.t. kotasælu.
- c) Nýjum fiski, þ.m.t. vatnafiski, humar, rækju og skelfiski, hvort sem hann er heill, flakaður, hakkaður eða bútaður. Sama á við um saltaðan, siginn, frosinn, reyktan, grafinn, kryddleginn (einnig í brauðraspi) og kæstan fisk. Fiskur sem hlotið hefur einhverja vinnslu- eða geymslumedferð umfram það sem að ofan greinir er hins vegar skattskyldur.

- d) Nýju, frosnu, reyktu, sýrðu og söltuðu kjöti. Sama á við um niðurskorið, kryddlegið (einnig í brauðraspi), úrbeinað og hakkað kjöt, kjötálegg sem ekki er niðursodið, kjötfars, pylsur, bjúgu, svið, sviðasultu, hrútspunga og ótilreitt sem og tilreitt slátur. Kjöt sem hlotið hefur vinnslumeðferð umfram það sem að framan greinir er skattskilyt.
- e) Matjurtum, þ.e. nýjum ávöxtum, nýju grænmeti og garðávöxtum, sem ekki hafa fengið neina vinnslumeðferð aðra en þvott og þökkun í smásöluumbúðir.
- f) Eggjum.
- g) Smjörlíki.
- h) Matvöru, sem er söluskattsskyld skv. lögum nr. 10/1960, sbr. 2. mgr. 2. töluliðar 13. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.
- i) Matvöru, sem seld er úr landi.

4. gr.

Af eftirtalinni þjónustu skal greiða sérstakan söluskatt:

1. Þjónustu lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda, verkfræðinga, tæknifræðinga, hagfræðinga, viðskiptafræðinga, arkitekta, náttúrufræðinga, landafræðinga, skjalaþýðenda, dómtúlka og hliðstæðra aðila, sem ekki eru söluskattsskyldir skv. reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.
2. Bókhaldsþjónustu, framtalsaðstoð, tollskýrslugerð, álits- og matsgerðum, tölvuþjónustu og tölvuvinnslu, þ.m.t. þjónustu kerfisfræðinga, og hvers konar ráðgjöf, svo sem viðskipta-, rekstrar- eða tækniráðgjöf og hliðstæðri sérfræðiþjónustu, sem ekki er söluskattsskyld skv. reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum. Sama á við um ráðningarþjónustu, vaktþjónustu, sbr. þó 5. gr., þjónustu rannsóknastofnana, útgáfu- og auglýsingaþjónustu, svo sem gerð, miðlun og ráðgjöf varðandi auglýsingar svo og hönnun umbúða, ársreikninga, eyðublaða, dreifirita, bæklinga og aðra hliðstæða þjónustu.
3. Þjónustu fasteignasala og seljenda notaðra bifreiða.

5. gr.

Til skattskyldrar þjónustu samkvæmt reglugerð þessari telst ekki þjónusta lækna, tannlækna og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta, svo sem ljós- og nuddlækningar, störf ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, uppeldisfræðinga, tannsmíði og tannviðgerðir svo og framleiðsla gervilima og þess háttar umbúnaður fyrir lamaða. Sama á við um vaktþjónustu veitta öldruðum og sjúkum svo og þjónustu presta og útfararþjónustu.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal ekki innheimta sérstakan söluskatt af eftirtalinni vinnu eða þjónustu:

1. Vinnu eða þjónustu sem innt er af hendi fyrir aðila sem eru heimilisfastir erlendis, enda sé hún ekki í neinum tengslum við starfsemi þeirra, eignir, réttindi eða hagsmunagæslu hér á landi.
2. Innheimtustörfum, enda sé ekki gerð sérstök krafa á hendur skuldara um greiðslu innheimtuþóknunar. Dráttarvextir teljast ekki innheimtuþóknun í þessu sambandi.
3. Eftirliti með og mælingum fyrir hvers konar mannvirkjum eða mannvirkjagerð enda séu verk þessi innin á byggingarstað. Sama á við um störf byggingarfulltrúa sveitarfélaga.
4. Þjónustu verkfræðinga eða tæknifræðinga við skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðila vegna skipahönnunar, skipasmíða eða skipaviðgerða. Sama á við um skipaefirlit og skipaskoðanir. Ákvæði þetta á þó ekki við um smíði og viðgerðir á sportförum.

7. gr.

Eftirfarandi greiðslur skulu ekki mynda stofn til álagningar sérstaks söluskatts.

1. Dagpeningar, sem beinlínis er ætlað að standa undir ferða- og gistikostnaði, enda fari þeir ekki fram úr þeirri fjárhæð fyrir hvern dag sem ferðakostnaðarnefnd ríkisins ákvarðar hverju sinni.
2. Kostnaður, sem þjónustusali hefur lagt út fyrir þjónustukaupa, enda sé kostnaður þessi endurkrafinn án nokkurs álags eða þóknunar.
3. Aksturskostnaður.
4. Þóknun fyrir greinarskrif í blöð og tímarit svo og þóknun fyrir erindi og fyrirlestra.
5. Föst stjórnarlausn vegna stjórnarsetu í félögum eða stofnunum enda falli greiðslur þessar undir 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum. Sama á við um nefndarlaun eftir því sem við getur átt.

8. gr.

Af sölu á vörum, sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr., ber ekki að innheimta sérstakan söluskatt ef kaupandi stundar endursölu þeirra í atvinnuskyni eða notar þær sem efni í vöru er hann hefur atvinnu af að framleiða og selja enda sé ekki um að ræða óvaranlegar rekstrarvörur eða hjálparefni, sbr. 9. og 11. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.

Skilyrði fyrir því að heimilt sé samkvæmt framansögðu að selja vörur, sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr., án sérstaks söluskatts er að kaupandi hafi tilkynnt starfsemi sína samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum, sbr. 13. gr. laga nr. 68/1987, og sýni heimildarskríteini frá skattstjóra um að honum sé heimilt að kaupa vöru án söluskatts eða sérstaks söluskatts.

Með sama hætti og með sömu skilyrðum ber ekki að innheimta sérstakan söluskatt af vinnu eða þjónustu sem aðilar, er um ræðir í 4. gr., inna af hendi fyrir aðila, sem skattskyldur er samkvæmt sömu grein, enda endurselji sá síðarnefndi verðmæti vinnunnar eða þjónustunnar.

9. gr.

Skattskyld velta á hverju uppgjörstímabili, sbr. 10. gr. þessarar reglugerðar og 27. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum, telst heildarandvirði skattskyldrar vöru og þjónustu sem afhent hefur verið eða innt hefur verið af hendi á uppgjörstímabilinu.

Sé þjónusta, sem um ræðir í 4. gr., innt af hendi á fleiri en einu uppgjörstímabili er heimilt að telja þóknun vegna hennar fram á því tímabili, sem henni lýkur, enda hafi ekki fyrr verið gefinn út reikningur vegna hennar, sbr. 3. mgr.

Ef gefinn er út reikningur vegna afhendingar, hvort sem um er að ræða hluta- eða heildarreikning, telst hún hafa farið fram á þeim degi sem tilgreindur er á reikningi, enda sé hann gefinn út fyrir eða samtímis fullnaðarafhendingu.

10. gr.

Að svo miklu leyti sem ekki er ákveðið í þessari reglugerð skulu ákvæði reglugerðar nr. 486/1982 með síðari breytingum, svo sem um tilkynningarskyldu, tilhögun bókhalds, ákvörðun skattstofns, framtöl álagningu, uppgjörstímabil, innheimtu, lögvernd, viðurlög, eftirlit, kærur, úrskurði og aðra framkvæmd gilda eftir því sem við á um sérstakan söluskatt.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í II. kafla laga nr. 68/1987 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur reglugerð nr. 337/1987 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. nóvember 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Lárus Ögmundsson.

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi fyrir Fiskimjölsverksmiðju Vestmannaeyja (FIVE), Vestmannaeyjum, nr. 544/1986.

1. gr.

Í stað 1. janúar 1987 í 4. gr. 1. og 4. tl. komi 1. janúar 1988.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.